

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2010

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (200. mál)

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtar viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, mál nr. 200/2010.

Félag atvinnurekenda hefur ýmislegt við frumvarpið að athuga og má þá helst nefna:

- Efnahagslegar forsendur frumvarpsins eru mjög veikar – forsendur um marktækan vöxt einkaneyslu á næstu misserum verða að teljast hæpnar
- Röng nálgun á tekjuöflun – óráð að skattleggja eftirspurn
- Verðtrygging magnskatta varhugaverð – hringekjan aftur á dagskrá
- Vörugjöld á áfengi og tóbak í komuverslun fríhafnar – engar viðbótartekjur í sjónmáli
- Auðlegðarskattur – bitnar illa á eigendum smárra fyrirtækja
- Hækkun áfengisgjalda skilar litlum tekjum og ýtir undir svartamarkaðsbrask

Nánari útlistun á afstöðu FA má finna að neðan.

II. Ábendingar

Efnahagslegar forsendur frumvarpsins mjög veikar

Sú hagspá sem frumvarpið er byggt á er ákaflega hæpin. Gert er ráð ráð fyrir um 3% hagvexti, sem grundvallast m.a. á skarpri aukningu í fjárfestingu (25%) og 3,4% vexti í einkaneyslu. Þessi spá var mun hærri en aðrar spár sem birtar voru síðla sumars og á haustmánuðum. Enda er komið upp úr dúrnum að spáin hefur verið endurskoðuð niður á við. Félag atvinnurekenda telur ástæðu til að geta þess sérstaklega að væntingar um að einkaneysla vaxi svo nokkru nemi á næsta ári verða að teljast hæpnar. Það er ljóst að heimili og fyrirtæki eru enn föst í viðjum skuldavanda, kaupmáttur vex mjög hægt og mikil óvissa ríkir á vinnumarkaði. Ekki má gleyma að skattastefna undanfarinna ára verður seint talin líkleg til þess að örva eftirspurn. Við þessar aðstæður getur einkaneysla traúðla vaxið.

Röng nálgun á tekjuöflun – óráð að skattleggja eftirspurn

Félag atvinnurekenda hefur mikinn skilning á því stóra verkefni sem aðlögun ríkisfjármála að breyttum efnahagsforsendum er. Félagið hefur hins vegar gagnrýnt hvaða leiðir til tekjuöflunar hafa verið valdar, enda er vandséð að þær stuðli að uppbyggingu í atvinnulífi. Tekju- og fjármagnstekjuskattar hafa verið hækkaðir, óbeinir skattar hafa hækkað mikið og haft gríðarleg áhrif á hegðun neytenda. Oft eru þetta mjög óheppileg áhrif. Skattkerfið er orðið mun flóknara og erfiðara fyrir aðila að átta sig á áhrifum þess. Á heildina litið hafa breytingarnar dregið máttinn úr heimilum og fyrirtækjum í stað þess að byggja undir frekari verðmætasköpun. Þær hafa því rýrt skattstofna og stuðlað að flóttu fyrirtækja og fjármagns frá landinu. FA hefur bent á að heppilegra hefði verið að skattleggja inngreiðslur í séreignasparnað, eða a.m.k. stíga stærri skref í þá átt en nú hefur verið gert (heimildir til útgreiðslna séreignalífeyrissparnaðar eru auðvitað angí af þessum meiði). Að auki telur félagið að undanfarin misseri hafi of lítil áhersla verið lögð á raunhæfar áætlanir um hagræðingu í ríkisrekstri. Í stað þess hafa illa ígrundaðar og illa undirbúnar tillögur verið of algengar. Í ljósi þess að hagspár hafa nú verið endurskoðaðar niður á við er viðbúið að aukinn halli á ríkissjóði sé undirliggjandi í frumvarpinu. Með vísan í ofangreint er sérstaklega varað við því að leggja á meiri skatta til að ná böndum á þann halla.

Verðtrygging magnskatta varhugaverð – hringekjan aftur á dagskrá

Í frumvarpinu virðist verðtrygging krónutöluskatta og – gjalda verða að veruleika. Hækkun á ýmsum vörugjöldum um 4% er rökstudd með því að „fjárhæðir þessara skatta haldi raungildi sínu frá fyrra ári.“ FA varar við þessari þróun enda er hún eins og önnur hækkun skatta og gjalda verðbólguvaldur. Í því sambandi má minna á að skattabreytingar eru einn stærsti einstaki þátturinn í verðbólgu á þessu ári. Gangi þessi áform eftir er verið að ræsa verðbólguhringekju með gamla laginu, enda þarf að hækka gjöld samviskusamlega í takt við verðlag sem aftur hefur áhrif á verðlag. Það er ástæða til að minna á að öll þau gjöld sem um ræðir hafa hækkað stórlega umfram verðlag á síðustu tveimur árum og því engin þörf á að hafa áhyggjur af því að gjöldin „haldi raungildi sínu“.

Vörugjöld á áfengi og tóbak í komuverslun fríhafnar – engar viðbótartekjur í sjónmáli

Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp vörugjöld á áfengi og tóbak í komuverslun Fríhafnar. Vörugjöld á áfengi yrðu þannig 10% af hefðbundnum áfengisgjöldum en 20% af tóbaksgjöldum yrði innheimt í Fríhöfn. FA telur í þessu efni – sem öðrum – mikilvægt að stjórnvöld skoði afleiðingar svona breytinga. Nú er það svo að Fríhöfnin er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Forstjóri Fríhafnarinnar lýsti því yfir í Morgunblaðinu 19. nóvember sl. að fyrirtækið væri í samkeppni við erlendar fríhafnir og treysti sér því ekki að hækka verð vegna þessara breytinga. Fríhöfnin hyggst sem sagt lækka álagningu sína um sem nemur vörugjöldunum. Það er m.ö.o. opinbert að aukin gjaldtaka ríkisins mun leiða til samsvarandi minni álagningar og framlegðar ríkisfyrirtækis. Vandséð er að slíkt geti tallst tekjuöflun fyrir ríkissjóð þótt vissulega færast fjármunir til innan vasa ríkisins.

Auðlegðarskattur – bitnar illa á eigendum smárra fyrirtækja

FA varar við hugmyndum um útvíkkun auðlegðarskatts. Borið hefur á því að eigendur fyrirtækja – oftast smárra og meðaistórra fyrirtækja með tiltölulega fáa starfsmenn – eiga þann eina kost að greiða sér arð útúr fyrirtækjum sínum til þess að standa skil á greiðslu auðlegðarskatts. Það er afleiðing staða í ljósi þess að flest fyrirtæki standa tæpt og mega síst við útgreiðslu arðs um þessar mundir. Sum eru einfaldlega í taprekstri og mega ekki greiða arð. Að auki eru skilyrði fjármálastofnana vegna skuldamála stundum þess eðlis að arðgreiðslur er óheimilar. Rétt er að benda á að um þetta atriði er fjallað á skýran og greinargóðan hátt í nýlegri skýrslu Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins um skattamál. Bent skal á að breytt fyrirkomulag skattlagningar arðgreiðsna hefur að sjálfsögðu einnig áhrif.

Hækkun áfengisgjalda skilar litlum tekjum og ýtir undir svartamarkaðsbrask

Áfengisgjöld hafa hækkað um 42,5% frá efnahagshruni. Að auki hefur virðisaukaskattur hækkað úr 24,5% í 25,5%. FA hefur ítrekað bent á að svona róttækar breytingar á skattlagningu eru dæmdar til að hafa mjög mikil áhrif á neyslumynstur. Sú hefur orðið raunin. Sú gríðarlega hækkun á áfengisgjöldum sem orðin er hefur ekki skilað þeim tekjum sem stjórnvöld hafa ætlað að ná með breytingunum. Sala áfengis hefur minnkað mjög og skattstofnarnir þar með veikst. Að auki hefur gríðarleg neysla áfengis flust út fyrir opinberan markað, sem er staðfest í könnunum á neyslu á heimabruggi. Það er því miður sannleikskorn í því þegar sagt er að eini atvinnureksturinn sem kemur vel út úr skattabreytingum undanfarinna missera er sala heimabriggs. Félag atvinnurekenda telur eðlilegt að lækka áfengisgjöld aftur – þannig myndi skattstofninn styrkjast aftur sem myndi þýða meiri tekjur en núna er raunin. Að auki myndi neysla heimabriggs minnka aftur, sem hlýtur að vera keppikefli út frá forvarnarsjónarmiðum. Það er sérstök staða ef stjórnvöld telja það eðlilegt að 3 af hverju 4 ungmennum á aldrinum 16-24 ára annað hvort neyti heimabriggs eða verði vör við að önnur ungmenni neyti þess. Þetta er ein af niðurstöðum nýrrar könnunar á neyslu heimabriggs sem Capacent Gallup gerði fyrir FA í nóvember.

Að neðan má sjá skýringarmyndir og ítarefni um þróun áfengissölu og nánar um könnunina sem vísað er í hér að ofan.

Áfengisgjald

Áfengisgjald er sá kostnaður sem ríkið innheimtir vegna sölu áfengis hjá;

- Áfengis- og tóbaksverslun Ríkisins
- Veltindahúsum
- Öðrum leyfishöfum


Áfengisgjald greiðist hins vegar af bingja/framleiðanda

Frá árinu 2008 hefur hækkun áfengisgjalda náð 42,5%

- Hlutfái skatta nær í sumum tilfellum allt að 80% af söluverði


Til stendur að hækka áfengisgjald enn frekar

- Tillaga um 4% hækkun á vörugjöldum á áfengi í forsendum tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011




Greidd áfengisgjöld

Greidd áfengisgjöld (fyrstu 10 mán. hvers árs)





Samkvæmt tölum frá stórum innflutnings- og framleiðsluaðilum áfengis hér á landi er aukning í greiddum áfengisgjöldum þeirra 24% frá árinu 2008.

■ Aukning í greiddu áfengisgjaldi ■ Hækkun áfengisgjalds



Á sama tíma hefur áfengisgjald hækkað um 42,50%

Verðlagning áfengis



Áhrif áfengisgjaldabreytinga á verðlagningu léttvíns



	2008	2010	Breyting
Söluverð	1.669 kr.	1.898 kr.	14%
Innkaupsverð			
Hlutfall	37,21%	34,14%	
Upphæð	621 kr.	648 kr.	4%
Skattar			
Hlutfall	50,57%	53,73%	
Upphæð	844 kr.	1.020 kr.	21%
Álagning ÁTVR			
Hlutfall	12,22%	12,16%	
Upphæð	204 kr.	231 kr.	13%

Áhrif áfengisgjaldabreytinga á neysluhegðun almennings

Mest selda hvítvín í ÁTVR 2008
Rosemount GTR
Áfengismagn: 10,5%



- 2008: Áfengisgjald á léttvín er 52,80 kr. á hvern alkóhóllitra
Innheimt áfengisgjöld af söluhásta hvítvíninu í ÁTVR 2008 er 415 kr. á hverja selda flösku

- 2009: Áfengisgjald hækkar í 68,31 kr. á hvern alkóhóllitra
Innheimt áfengisgjöld af söluhásta hvítvíninu í ÁTVR 2009 er 435 kr. á hverja selda flösku

Breyting áfengisgjalds: 29%


Breyting í innheimtum áfengisgjöldum á hverja selda flösku: 5%

Mest selda hvítvín í ÁTVR 2009
Ars Vitis Riesling
Áfengismagn: 8,5%




Áhrif áfengisgjaldabreytinga á neysluhegðun almennings


Rauðvín
2008




Rauðvín
2009



Hvítvín
2008



Hvítvín
2008



Áhrif áfengisgjaldabreytinga á verðlagningu sterks áfengis



	2008	2010	Breyting
Söluverð	3.849 kr.	4.699 kr.	22%
Innkaupsverð			
Hlutfall	16,99%	14,87%	
Upphæð	654 kr.	699 kr.	7%
Skattar			
Hlutfall	74,33%	76,59%	
Upphæð	2.861 kr.	3.599 kr.	26%
Álagning ÁTVR			
Hlutfall	8,60%	8,54%	
Upphæð	331 kr.	401 kr.	21%

Áhrif áfengisgjaldabreytinga á sölu sterks áfengis

- Neytendur virðast hafa tilhneigingu til þess að færa sig yfir í ódýrari tegundir áfengis og/eða tegundir sem ekki innihalda sama áfengismagn.
- Samkvæmt sölutölum frá ÁTVR frá fyrstu 10 mánuðum ársins er samdráttur í sölu á sterku áfengi mikill en þar má t.d. nefna:
 - -19,79% samdrátt í sölu á vodka
 - -16,02% samdrátt í sölu á skosku whisky
 - -5,85% samdrátt í sölu á rommi
 - -8,29% samdrátt í sölu á gini
 - -30,49% samdrátt í sölu á drykkjum sem flokkast til áfengra gosdrykkja (>22%)

Dæmi:

Sala á Cogniac dregst saman um -18,51%

Sala á Brandy eykst um +15,61%


Ályktun:

Hækkun áfengisgjalds milli ára veldur því að verð á Cogniac er orðið það hátt að tilfærsla verður yfir í ódýrari staðkvæmdarvöru, Brandy.


Aflæðing:

700 ml flaska af Cogniac skilar 2,564 kr. í áfengisgjöldum
700 ml flaska af Brandy skilar 1,922 kr. í áfengisgjöldum
Fyrir hverja flösku sem selst af Brandy í stað Cogniac tapast 25% af innheimtu áfengisgjaldi.


Breyting í litrasölu



Áhrif áfengisgjaldabreytinga á neyslu sterks áfengis




Capacent Gallup gerði könnun á neyslu sterks heimabryggis í nóvember. Könnunin var gerð fyrir FA. Niðurstöðurnar eru sláandi. 40% landsmanna hafa neytt sterks heimabryggðs áfengis eða orðið varir við slíka neyslu á sl 12 mánuðum. Yngra fólk er mun líklegra til að hafa neytt eða orðið vart við neyslu á heimabryggi.




Áhrif áfengisgjaldabreytinga á neyslu sterks áfengis


Ég hef sjálf(ur) neytt sterks heimabryggðs áfengis á sl. 12 mánuðum



Ég hef orðið var/vör við neyslu á heimabryggðu sterku áfengi á sl. 12 mánuðum



Áhrif áfengisgjaldabreytinga á verðlagningu bjórs



	2008	2010	Breyting
Söluverð	270 kr.	309 kr.	14%
Innkaupsverð			
Hlutfall	30,37%	30,31%	
Upphæð	82 kr.	94 kr.	14%
Skattar			
Hlutfall	57,41%	57,51%	
Upphæð	155 kr.	178 kr.	15%
Álagning ÁTVR			
Hlutfall	12,22%	12,14%	
Upphæð	33 kr.	38 kr.	14%

III. Annað

Félag atvinnurekenda hefur verið þátttakandi í samráðshópi um skattamál í tengslum við vinnu starfshóps fjármálaráðherra við endurskoðun skattkerfisins. Í ljósi mikilla breytinga á skattkerfinu undanfarið er sérstaklega mikilvægt að vinna hópsins fari að snúast um hugmyndafræðilegar forsendur skattkerfisins og mikilvægi einfalds og skilvirks skattkerfis. Ekki er vanþörf á að setja stefnu í þessum málum.

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda